



UPPTAKTURINN



AKUREYRI

Tónsköpunarverðlaun
barna og ungmenna



Nánnar á mak.is/upptakturinn



Með Upptaktinum, Tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna, er ungu fólki gefið tækifæri til að senda inn tónsmíð eða drög að henni og vinna markvisst úr hugmyndum sínum með fulltingi listnemenda og listamanna. Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús, efndi fyrst til Upptaktsins árið 2013 en Upptakturinn hefur verið haldinn á hverju ári síðan og fjöldi tónverka orðið til fyrir tilstilli hans. Nú blásum við til leiks, áttunda árið í röð, og kynnum í samstarfi við Hörpu nýjan Upptakt: Upptaktinn á Akureyri, en afrakstur hans verður kynntur á tónleikum í Hofi sunnudaginn 26. apríl.

Upptakturinn slær taktinn á ný

Upptakturinn er opinn ungmönnum í 5. til 10. bekk. Áhersla er lögð á að hvetja börn og ungmenni til að semja tónlist og styðja þau í fullvinnslu hugmynda. Ungmennin sem komast áfram taka þátt í tónlistarsmiðju, auk þess að vinna að útsetningum undir leiðsögn leiðbeinanda frá Tónlistarskólanum á Akureyri. Að þessu ferli loknu höfum við eignast nýtt tónverk sem við getum flutt á tónleikum og varðveitt með upptöku.

Skilafrestur hugmynda er til og með 10. mars 2020

Markmið Upptaksins á Akureyri

Sköpun

Stuðla að tónsköpun ungs fólks og hvetja börn og ungmenni til að semja eigin tónlist

Skráning

Aðstoða börn og ungmenni við að fullvinna hugmyndir sínar í vinnusmiðju og varðveita þannig tónlistina

Flutningur

Gefa börnum og ungmennum tækifæri á að upplifa eigin tónlist í flutningi fagfólks við kjöraðstæður á tónleikum í Hofi

Reglur

Börnum og ungmennum í fimmta til tíunda bekk er heimilt að taka þátt í Upptaktinum og senda inn tónsmíð óháða tónlistarstíl.

Þau sem komast áfram taka þátt í vinnustofu með fagfólki.

Lengd tónverks skal vera ein til fimm mínútur að hámarki, annaðhvort einleiks- eða samleiksverk fyrir allt að sjö flytjendur.

Skila þarf tónsmíð inn í hefðbundinni eða grafískri nótnaskrift eða með upptöku.

Hugmyndir s.s. upptökur (mp3), nótur, texti eða grafísk lýsing sendist rafrænt á upptakturinn.akureyri@gmail.com

Skilafrestur hugmynda er til og með 10. mars 2020

Dómnefnd

Fagmenn sitja í dómnefnd og velja átta til tíu verk úr innsendum hugmyndum.

Tónsmiðja

Valin verk verða fullunnin í tónsmiðju með tónskáldum og fagfólki í tónlist. Tónsmiðjan fer fram í Hofi dagana 10. mars - 10. apríl 2020. Að því ferli loknu hafa orðið til ný tónverk.

Tónleikar

Sunnudaginn 26. apríl 2020 verða tónverkin flutt á metnaðarfullri og glæsilegri tónleikadagskrá í Hofi, Akureyri. Tónleikarnir eru hluti af Barnamenningarhátíð 2020.

Um hljóðfæraleik og framkvæmd annast fagfólk í tónlist.

Upplýsingar um Upptaktinn

Heimasíða MAK: mak.is/upptakturinn

Facebooksíða Upptaktsins: Upptakturinn á Akureyri

Instagram Upptaktsins: Upptakturinn á Akureyri

Kynningarmyndbönd eru vefnum harpa.is/upptakturinn

Tónleikarnir 2019 eru á KrakkaRÚV

Sex útvarpsþættir um Upptaktinn 2019 verða fluttir á Útvarp UngRúv.

Nánari upplýsingar

Verkefnastjóri Upptaktsins á Akureyri er Phillip Doyle. Phillip veitir fús upplýsingar á netfanginu upptakturinn.akureyri@gmail.com.

Elfa Lilja Gísladóttir, forstöðukona Upptaktsins, veitir einnig allar nánari upplýsingar í gegnum netfangið upptakturinn@gmail.com og í síma 699-6789.

Skilafrestur hugmynda er til og með 10. mars 2020